

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2168

2022/EES/47/01

frá 21. september 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 94. gr. (3. mgr.), 97. gr. (2. mgr.), 118. gr. (1. og 2. mgr.) og 122. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn. Einkum er í IV. hluta þeirrar reglugerðar mælt fyrir um reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar sem og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja innan Sambandsins. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitra þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja. Einkum er í II. hluta þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um reglur um skráningu og samþykki fyrir starfsstöðvum með landdýr í haldi, þ.m.t. þær starfsstöðvar sem sinna samsöfnun og starfsstöðvar þaðan sem sendingar af útungunareggjum eða alifuglum eru fluttar til annars aðildarríkis. Auk þess er í III. hluta þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um reglur um rekjanleika landdýra í haldi og útungunareggja og er þar nánar tiltekið mælt fyrir um reglur um rekjanleika nautgripa, sauðfjár og geita í haldi og um merkingar á útungunareggjum.
- 3) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tengjast að verulegu leyti og gilda um rekstraraðila sem flytja eða halda landdýr eða útungunaregg. Til að tryggja samfellu og einföldun og til að greiða fyrir skilvirkri beitingu þeirra og til að komast hjá því að reglur verði tvíteknar ætti því að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mörgum aðskildum gerðum með mörgum millivísunum. Þessi nálgun er einnig í samræmi við eitt af helstu markmiðum reglugerðar (ESB) 2016/429 sem var að einfalda reglur Sambandsins um dýraheilbrigði og gera þær þannig gagnsærri og auðveldara að beita þeim.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 428, 8.12.2021, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjútíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

- 4) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að rekstraraðilar útungunarstöðva, þaðan sem sendingar af útungunareggjum eða alifuglum eru fluttar til annars aðildarríkis, og rekstraraðilar starfsstöðva sem halda alifugla, þaðan sem sendingar af alifuglum, sem eru ætlaðir til annars en slátrunar, eða af útungunareggjum eru fluttar til annars aðildarríkis, skuli sækja um samþykki fyrir starfsstöðvum sínum hjá lögbæru yfirvaldi. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 94. gr. þeirrar reglugerðar er framkvæmdastjórninni falið vald til að kveða á um undanþágur frá kröfunni um að rekstraraðilar skuli sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi fyrir tilteknum tegundum starfsstöðva sem skapa óverulega áhættu.
- 5) Flutningur á litlum fjölda alifugla, annarra en strútfugla, og útungunareggjum úr þessum dýrum til annars aðildarríkis skapar minni háttar áhættu á útbreiðslu sjúkdóma. Enn fremur geta rekstraraðilar starfsstöðva, þaðan sem lítill fjöldi slíkra dýra og útungunareggja eru flutt til annars aðildarríkis, af hagkvæmnisástæðum ekki uppfyllt allar kröfur um samþykki sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035. Því ætti að breyta 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 til að kveða á um undanþágu fyrir rekstraraðila útungunarstöðva og starfsstöðva sem halda alifugla þaðan sem færri en 20 alifuglar, aðrir en strútfuglar, og færri en 20 útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla, eru flutt til annars aðildarríkis frá þeirri skyldu að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi.
- 6) Í 1. mgr. 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 er kveðið á um að rekstraraðilar sem eru með nautgripi í haldi skuli tryggja að þessi dýr séu auðkennd með tilteknum auðkenningum en með 2. mgr. 38. gr. er rekstraraðilum heimilað að skipta þessum tilteknum auðkenningum út fyrir aðrar. Á sama hátt er í 1. og 2. mgr. 45. gr. þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um skyldur rekstraraðila til að auðkenna sauðfé og geitur, sem þeir eru með í haldi, með tilteknum auðkenningum en með 4. mgr. 45. gr. er rekstraraðilum heimilað að skipta þessum tilteknum auðkenningum út fyrir aðrar.
- 7) Hins vegar er í 269. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 kveðið á um þann möguleika að aðildarríki geti samþykkt landsráðstafanir á tilteknum sviðum sem þau geta beitt innan síns yfirráðasvæðis og sem koma til viðbótar við eða eru strangari en þær sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Kröfur um rekjanleika sendinga af landdýrum í haldi og kímefnum er eitt þessara sviða. Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 er þessi möguleiki ekki endurspegladur á tilhlýðilegan hátt. Því ætti að breyta 2. mgr. 38. gr., 4. mgr. 45. gr. og 48. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2035 til að skýra nánar að möguleikinn á því að rekstraraðilar með nautgripi, sauðfé eða geitur í haldi geti auðkennt þessi dýr með annars konar auðkenningu ætti að vera með fyrirvara um leyfi frá aðildarríkinu. Þetta skýrir nánar hlutverk og ábyrgð aðildarríkja, sem beita landsráðstöfunum, við að tryggja tilhlýðilega framkvæmd viðbótarkrafna eða strangari krafna um rekjanleika nautgripa, sauðfjár og geita í haldi eins og kveðið er á um í 269. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 8) Í 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 er kveðið á um að rekstraraðilar sem eru með páfagauka í haldi skuli tryggja að auðkenning páfagaukanna sýni auðkenniskóða dýrsins. Skilgreiningin á auðkenniskóða, sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð, er þó umfram það sem nauðsynlegt er til að auðkenna páfagauka og hefur í för með sér umtalsverða stjórnsýslubyrði fyrir aðildarríki. Þess vegna ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 til að kveða á um að á auðkenningu páfagauka birtist þess í stað alstafakóði sem gerir það kleift að auðkenna þá og veitir fullnægjandi rekjanleika fyrir þessi dýr þegar þau eru flutt milli aðildarríkja.
- 9) Í 80. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 er kveðið á um að merkja skuli öll útungunaregg með einkvæmu samþykkisnúmeri upprunastarfsstöðvarinnar. Þó er í reglugerð (ESB) 2016/429 einungis gerð sú krafa að starfsstöðvar sem senda útungunaregg til annars aðildarríkis skulu vera samþykktar. Auk þess er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688⁽³⁾ kveðið á um að ef sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, eru fluttar til annars aðildarríkis sé þess krafist að eggin séu upprunnin í skráðum starfsstöðvum. Þess vegna ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 til að undanskilja rekstraraðila starfsstöðva sem halda alifugla, aðra en strútfugla, og rekstraraðila útungunarstöðva þaðan sem sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, eru fluttar til annars aðildarríkis frá þeirri skyldu að tryggja að hvert útungunaregg sé merkt með einkvæmu samþykkisnúmeri upprunastarfsstöðvarinnar. Þessi breyting er einnig í samræmi við breytingarnar sem gerðar eru á 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 með þessari reglugerð.

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum og útungunareggjum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 140).

- 10) Í 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 er mælt fyrir um kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og þar er kveðið á um að lögbært yfirvald skuli tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli tilteknar kröfur sem settar eru fram í 1. hluta I. viðauka við þá reglugerð. Í b-lið 1. liðar 1. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035 er kveðið á um að einungis skuli veita starfsstöð samþykki fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra ef einungis eru hýst hóf- og klaufdýr í sama flokki, af sömu tegund og í sama heilbrigðisástandi á hverjum tíma á starfsstöðinni. Á söfnunarstöðvum sem til eru gætu þó verið ein eða fleiri faraldsfræðilega aðskildar vistarverur fyrir dýr. Þessi aðskildu svæði ætti að starfrækja þannig að tryggt sé að dýr sem eru í haldi á þessum svæðum komist hvorki í beina né óbeina snertingu við hvert annað. Þetta gerir það kleift að vera með hóf- og klaufdýr af mismunandi tegundum, í mismunandi flokkum eða í mismunandi heilbrigðisástandi í haldi á sömu starfsstöð svo fremi að þau séu haldin í mismunandi faraldsfræðilega aðskildum vistarverum fyrir dýr. Því ætti að breyta 1. hluta I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035 til að kveða á um þennan möguleika.
- 11) Í 15. til 18. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/688 er þar að auki kveðið á um þann möguleika að sameina sauðfé og geitur í sömu sendingu þar eð báðar dýrategundirnar falla undir sömu kröfur um heilbrigði dýra sem mælt er fyrir um í þeirri framseldri reglugerð. Einnig ætti að heimila þann möguleika að safna sauðfé og geitum saman í sendingu samkvæmt framseldri reglugerð 2019/2035. Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 þannig að hún innihaldi undanþágu frá meginreglunni, sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka við þá reglugerð, þar sem kemur fram að einungis megi safna saman hóf- og klaufdýrum af sömu tegund.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Undanþága frá þeirri kröfu á rekstraraðila að sækja um samþykki fyrir tilteknum tegundum starfsstöðva hjá lögbæru yfirvaldi

Þrátt fyrir a-, c- og d-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 skal ekki gerð krafa um að rekstraraðilar eftirfarandi tegunda starfsstöðva sækja um samþykki fyrir starfsstöðvum sínum hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við 1. mgr. 96. gr. þeirrar reglugerðar:

- starfsstöðva fyrir samsöfnun dýra af hestaætt þegar þessum dýrum er safnað saman vegna keppna, kapphlaupa, dýrasýninga, þjálfunar, sameiginlegrar frístunda- eða vinnustarfsemi eða í tengslum við ræktunarstarfsemi,
- útungunarstöðva fyrir fugla í haldi,
- útungunarstöðva þaðan sem sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla eða færri en 20 alifuglum eru fluttar til annars aðildarríkis,
- starfsstöðva sem halda alifugla þaðan sem sendingar með færri en 20 alifuglum, sem eru ætlaðir til annars en slátrunar, eða sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla eru fluttar til annars aðildarríkis.“

2. Í stað a-liðar 2. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„a) öðru hefðbundna eyrnamerkinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir rafrænt kennimerki sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem nautgripirnir eru í haldi hefur samþykkt, ef viðkomandi aðildarríki hefur samþykkt slíka útskiptingu í samræmi við 1. mgr. 41. gr.“

3. Í stað a-liðar 4. mgr. 45. gr. kemur eftirfarandi:

„a) einni af þeim auðkenningum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 46. gr. ef aðildarríkið, þar sem sauðféð og geiturnar eru í haldi, hefur samþykkt slíkar undanþágur í samræmi við 5. mgr. 48. gr.“

4. Ákvæðum 48. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 4. mgr. fellur c-liður brott.

b) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við:

„5. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa að rekstraraðilar skipti út einni af auðkenningunum sem um getur í 2. mgr. 45. gr. í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 4. mgr. 45. gr. fyrir sauðfé og geitur sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra.“

5. Í stað a-, b- og c-liðar 1. mgr. 76. gr. kemur eftirfarandi:

„a) fótmerki, eins og tilgreint er í h-lið III. viðauka, sem er a.m.k. fest um annan fótinn á dýrinu þar sem alstafakóði birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur,

eða

b) stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, þar sem alstafakóði birtist læsilega og er óafmáanlegur,

eða

c) húðflúri, eins og tilgreint er í g-lið III. viðauka, sem er sett á dýrið þar sem alstafakóði birtist sýnilega og er óafmáanlegur.“

6. Í stað 80. gr. kemur eftirfarandi:

„80. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar rekjanleika útungunareggja

1. Rekstraraðilar starfsstöðva sem halda alifugla og rekstraraðilar útungunarstöðva fyrir alifugla skulu tryggja að hvert útungunaregg, sem er flutt til annars aðildarríkis, sé merkt með einkvæmu samþykkisnúmeri upprunastarfsstöðvar útungunareggjanna.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

a) rekstraraðila starfsstöðva sem halda alifugla þaðan sem sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, eru fluttar til annars aðildarríkis,

b) rekstraraðila útungunarstöðva þaðan sem sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, eru fluttar til annars aðildarríkis.“

7. Í stað 1. liðar í 1. hluta I. viðauka kemur eftirfarandi:

„1. Kröfur í tengslum við einangrun og smitvarnarráðstafanir starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, eins og um getur í 5. gr., skulu vera eftirfarandi:

a) viðeigandi einangrunaraðstaða fyrir hóf- og klaufdýr verður að vera til reiðu,

b) á starfsstöðinni eða í hverri faraldsfræðilega aðskilinni vistarveru fyrir dýr innan starfsstöðvarinnar má einungis hýsa hóf- og klaufdýr í sama flokki, af sömu tegund og í sama heilbrigðisástandi á hverjum tíma,

c) þrátt fyrir aðskilnað tegunda hóf- og klaufdýra, sem krafist er, sem kveðið er á um í b-lið má hýsa sauðfé og geitur saman á starfsstöðinni eða í sömu faraldsfræðilega aðskildu vistarveru fyrir dýr innan starfsstöðvarinnar á hverjum tíma,

d) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps,

e) eftir að hver lota hóf- og klaufdýra hefur verið fjarlægð og, ef nauðsyn krefur, áður en ný lota hóf- og klaufdýra er tekin inn verður að hreinsa og sótthreinsa svæðin þar sem hóf- og klaufdýrin eru í haldi og alla rekstrarganga og efniviði og búnað, sem komast í snertingu við þau, í samræmi við fastsettar verklagsreglur,

f) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisáætðum eftir hreinsunar- og sótthreinsunaraðgerðir og áður en ný lota hóf- og klaufdýra kemur inn í aðstöðuna þar sem hóf- og klaufdýrin eru í haldi.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
